

Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar

Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar skv. lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

1. MARKMIÐ

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla í Borgarbyggð.

2. FRAMKVÆMD OG UMFANG

Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar tekur til stjórnkerfis sveitarfélagsins og starfsmanna þess annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem veitt er hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess.

Velferðarnefnd fer með jafnréttismál og skal kjósa einn fulltrúa úr sínum röðum sem talsmann jafnréttismála. Skal hann vera til fulltingis starfsmönnum sem annast jafnréttismál.

3. STJÓRNKERFI

1. Skipan í ráð og nefndir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Borgarbyggðar skal leitast við að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Þeir listar sem ná kjöri til sveitarstjórnar eru hvattir til að hafa þetta að leiðarljósi er þeir gera tillögur um fulltrúa í nefndir og ráð. Sama á við um starfshópa á vegum sveitarfélagsins.

Aðgerðir: Kannað sé strax eftir kosningar og á miðju kjörtímabili kynjaskipting í nefndum, ráðum og starfshópum á vegum sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Velferðarnefnd/Jafnréttisnefnd
Tímasetning: Hausti 2016

2. Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu samþætt inn í alla stefnumótun, ákvarðanatöku og fjárveitingar á vegum sveitarfélagsins. Gæta skal jafnræðis og konum og körlum ekki mismunað í þjónustu af hálfu sveitarfélagsins.

Aðgerðir: Kyngreina alla tölfræði í hagsýslugerð um þjónustu við einstaklinga.

Ábyrgð: Sveitarstjóri
Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

Aðgerðir: Leggja mat á hvort ákvarðanir og fjárveitingar komi út á mismunandi hátt eftir kyni.

Ábyrgð: Sveitarstjóri og Byggðarráð
Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

4. STARFSMENN

1. Laun

Jafnréttislög kveða á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Við ákvörðun launa og fríðinda skal staða kynjanna vera jöfn. Einnig skal þess gætt að við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir sé kynjunum ekki mismunad.

Aðgerðir: Ákvörðun um laun og fríðindi þeirra starfsmanna, umfram kjarasamninga skal tekin af 3ja manna nefnd; sveitarstjóra, launafulltrúa og starfsmanni jafnréttisnefndar.

Ábyrgð: Sveitarstjóri

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

Aðgerðir: Framkvæmd skal könnun á kjörum kynjanna á tveggja ára fresti.

Ábyrgð: Velferðarnefnd/Jafnréttisnefnd.

Tímasetning: Desember 2015 og desember 2017.

2. Laus störf

Vinna ber markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins og stuðla að því að störf flokkist ekki í kvenna- og karlastörf. Einnig skal leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Jafnréttissjónarmið skulu til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna. Leitast skal við að meta ólík starfsvið, ólíka reynslu og menntun karla og kvenna.

Aðgerðir: Í auglýsingum um störf hjá sveitarfélaginu skal hvetja til þess að það kyn sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein eða konur jafnt sem karlar sækji um starfið.

Ábyrgð: Yfirmenn sem koma að ráðningum.

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

3. Starfsþjálfun endurmenntun og símenntun

Atvinnurekendum ber í samræmi við lög að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar svo og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Aðgerðir: Setja reglur um sí- og endurmenntun og starfsþjálfun.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

Tímasetning: Verði lokið fyrir 31. maí 2016.

4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Velliðan starfsmanna á vinnustað er forsenda þess að þeir njóti sín og mannauðurinn nýtist.

Aðgerðir: Foreldrar í starfi hjá Borgarbyggð skulu hvattir til að nýta rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs.

Ábyrgð: Yfirmenn stofnana/deilda

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

Aðgerðir: Starfsfólk Borgarbyggðar skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu á vinnutíma, þar sem því verður við komið, til að auðvelda samræmingu á starfi og fjölskylduábyrgð.

Ábyrgð: Yfirmenn stofnana/deilda

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

5. Kynbundin / kynferðisleg áreitni

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu. Hverskonar áreitni er hafnað og verður ekki liðin. Starfsmenn sem verða fyrir slíkri framkomu eiga rétt á að bera fram kvörtun og skal þeim tryggt að til viðeigandi aðgerða verði gripið.

Aðgerðir: Sé yfirmanni gert viðvart um slíka hegðun ber honum í samráði við yfirmenn stjórnarsýslunnar að binda enda á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni getur valdið áminningu og brottrekstri úr starfi.

Ábyrgð: Yfirmenn stofnana/deilda

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

Aðgerðir: Árlegir fræðslufundir í öllum stofnunum sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Yfirmenn stofnana.

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

5. MENNTUN OG TÓMSTUNDIR

Lögbundið er að veitt skuli fræðsla um jafnréttismál á öllum skólastigum, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Þess skal gætt að bæði kynin hafi sömu tækifæri til íþróttaiðkana og eru íþróttafélögin hvött til hins sama.

Aðgerðir: Allar stofnanir sem koma að umönnun / uppeldi barna í sveitarfélaginu skulu gera jafnréttisáætlun varðandi starfsemi sína.

Ábyrgð: Forstöðumenn stofnana

Tímasetning: Verði lokið fyrir 31. maí 2016.

Aðgerðir: Skólayfirvöld og forstöðumenn uppeldisstofnana skulu vinna að jafnri stöðu kynjanna og veita börnum og unglíngum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna. Einnig er því beint til skólayfirvalda:

- að sjá til þess að námsefni mismuni ekki kynjum.
- að náms- og starfsfræðslu sé sinnt á síðari stigum grunnskóla
- að sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum

Ábyrgð: Skólastjórar / forstöðumenn.

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

Aðgerðir: Kynin sitji jafnt að fjárveitingum sveitarfélagsins til íþróttaiðkana auk annarra styrkja.

Ábyrgð: Fræðslunefnd

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

Aðgerðir: Kannaður sé fjöldi iðkenda íþróttá eftir kynjum.

Ábyrgð: Fræðslunefnd
Tímasetning: Lokið fyrir 31. maí 2016

5. FRÆÐSLA OG RÁÐGJÖF

Starfsmönnum og stjórnendum stofnana Borgarbyggðar skal standa til boða aðstoð og fræðsla í jafnréttismálum. Þetta á við um störf og starfsaðstæður, svo sem kjör og samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna á vinnustað.

Ábyrgð: Velferðarnefnd
Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

6. ANNAD

Jafnréttisáætlun skal vera aðgengileg hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins og skal kynnt öllum starfsmönnum þess.

Jafnréttisáætlunina skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

Áætlun um framkvæmd jafnréttisáætlunar skal gerð til tveggja ára í senn.

Samþykkt á fundi Velferðarnefndar Borgarbyggðar 7. apríl 2016
Staðfest á fundi Sveitarstjórnar Borgarbyggðar 14. apríl 2016